

Akureyri, 15. mars 2023

Efni: Umsögn Iðjuþjálfunarfræðideildar Háskólans á Akureyri vegna tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025

Undirritað starfsfólk iðjuþjálfunarfræðideildar fagnar því að verið sé að vinna að stefnumótandi aðgerðum til að afla þekkingarsamfélag Íslands, en viljum koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

1. Tillagan leggur áherslu á fjölgun nemenda í heilbrigðisvísindum og eru í henni taldar upp nokkrar fagstéttir. Mikilvægt er bæta iðjuþjálfun á þennan lista þar sem samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðisráðuneytinu (Heilbrigðisþing, 2020) er skortur á iðjuþjálfum á Íslandi og því brýnt að mennta fleiri til starfa. Þetta sést einnig í fjölda auglýsinga þar sem auglýst er eftir iðjuþjálfum til starfa á breiðum vettvangi. Aukin áhersla er hjá stjórnvöldum á að efla forvarnir og endurhæfingu og því þörf á að manna betur grunnþjónustu þ.e. heilsugæslu, félagsþjónustu og skólaþjónustu með endurhæfingarstéttum s.s. iðjuþjálfum (Heilbrigðisráðuneytið, 2020). Það að sinna betur grunnþjónustu eins og forvörnum er einnig afar mikilvægt fyrir sjálfbærni velferðarkerfisins. Iðjuþjálfar sérhæfa sig í að viðhalda og auka færni fólks og tækifæri til þátttöku í samfélaginu, sem er lykilatriði í félagslegri sjálfbærni sem snertir á mörgum af heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Í takt við aukna þörf á þjónustu við aldrað fólk og í endurhæfingu er því mikilvægt að fjölga iðjuþjálfum í samfélaginu. Háskólinn á Akureyri er eini skólinn á Íslandi sem býður upp á nám í iðjuþjálfunarfræði og iðjuþjálfun og skipar því mikilvægt hlutverk í að mæta þeirri samfélagslegu þörf sem er á fjölgun iðjuþjálfra. Vert er að benda á í því samhengi að endurhæfingarstefna Íslands leggur sérstaka áherslu á notkun líf-sál-félagslegrar sýnar á heilsu sem byggir á hugmyndafræði ICF sem er alþjóðlegt líkan og flokkunarkerfi um færni, fötlun og heilsu. Iðjuþjálfanám á Íslandi er hannað og skipulagt í kringum hugmyndafræði ICF og fá nemendur í iðjuþjálfunarfræði kennslu og þjálfun í notkun þess.
2. Í kafla um stefnumótandi aðgerðir er fjallað um aukið jafnrétti í háskólum. Þar er mikilvægt að leggja áherslu að tryggja fötluðu fólki jafnt aðgengi að námi og störfum innan háskólanna, þar með talið í námi til starfsréttinda. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kveður á um að tryggja skuli fötluðu fólki „aðgang að almennu námi á háskólastigi [...] án mismununar og til jafns við aðra“ og veita þeim viðeigandi aðlögun (Stjórnarráð Íslands,

2006/2016). Háskólamenntun hefur mikil áhrif á atvinnumöguleika fatlaðs fólks, mun meiri en hjá ófötluðum einstaklingum (Bø og Håland, 2015; Vedeler, 2009), en samt sem áður fer fötluðum nemendum hægt fjölgandi innan háskóla (sjá t.d. H.E.S.A. (2020; Alma Ýr Ingólfsdóttir o.fl., 2014). Því er mikilvægt í stefnumótun að styðja við fjölbreytileika innan háskólanna í viðum skilningi og tilgreina sérstaklega fatlað fólk í því samhengi rétt eins og aðra minnihlutahópa.

3. Lagt er til að tillagan verði skoðuð með sérstöku tilliti til orðræðu um kyn með aðilum sem hafa sérþekkingu á þeim málaflokki. Á bls. 13 stendur t.d. að stuðla beri að jafnrétti til náms óháð kyni. Samt sem áður þá virðist orðræðan í skjalinu byggja mikið á kynjatvíhyggju og snúa að miklu leiti um karla vs konur.
4. Á bls.10 er fjallað um húsnæði er tengjast hermi- og færnisetrum og er Háskóli Íslands sérstaklega nefndur í því samhengi. Við viljum vekja athygli á að einnig er unnið ötullega að því að koma upp slíku húsnæði við Háskólann á Akureyri og hlutu skólarnir ásamt Háskólanum í Reykjavík sameiginlegan styrk úr samstarfssjóði Háskólanna til þess að koma á laggirnar sérhönnuðum færni- og hermisetrum.

Virðingarfyllst,

Sigrún Kristín Jónasdóttir, iðjuþjálfari, lektor og deildarforseti Iðjuþjálfunarfræðideildar HA

Linda Björk Ólafsdóttir, iðjuþjálfari, lektor við Iðjuþjálfunarfræðideild HA og doktorsnemi í fötlunarfræðum

Hólmðís Freyja Methúsalemsdóttir, iðjuþjálfari og aðjúnkt við Iðjuþjálfunarfræðideild HA

Hulda Þórey Gísladóttir, iðjuþjálfari og aðjúnkt við Iðjuþjálfunarfræðideild HA

Olga Ásrún Stefánsdóttir, iðjuþjálfari, aðjúnkt við Iðjuþjálfunarfræðideild HA og doktorsnemi í Heilbrigðis- og félagsvísindum

Hafðís Hrönn Pétursdóttir, iðjuþjálfari og aðjúnkt við Iðjuþjálfunarfræðideild HA

Bergljót Borg, sjúkraþjálfari og aðjúnkt við Iðjuþjálfunarfræðideild HA

Heimildaskrá

- Alma Ýr Ingólfssdóttir, Ásdís A. Arnalds, Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Viktor Orri Valgarðsson. (2014). Málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands 2010-2013. https://www.hi.is/sites/default/files/atli/baeklingar/jafnretti/malefni_fatlads_folks_2010_2013.pdf
- Bø, P. B. og Håland, I. (2010). Funksjonshemma på arbeidsmarknaden [Disabled Persons at the Labour Market]. Oslo-Kongsvinger: Statistisk Sentralbyrå.
- Heilbrigðisráðuneytið. (2020). *Endurhæfing: Tillögur að endurhæfingarstefnu*. https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Endurhaefing-tillogur-ad-stefnu_Sept2020.pdf
- Heilbrigðisþing. (2020). *Mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu* <https://vimeo.com/484116103>
- H.E.S.A. (2020). Who's Studying in Higher Education? <https://www.hesa.ac.uk/data-and-analysis/students/whos-in-he>.
- Stjórnarráð Íslands. (2016). Samningur um réttindi fatlaðs fólks (Þýðingarnefnd utanríkisráðuneytisins þýddi). (Upphaflega gefið út 2006). <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobatskjol/10062009SamningurUmRettindiFatladsFolks.pdf>
- Vedeler, J. S. (2009). When benefits become barriers. The significance of welfare services on transition into employment in Norway. *ALTER European Journal of Disability Reseach*, 3, 63-81. doi: 10.1016/j.alter.2008.12.003
- World Health Organization. (2001). International classification of functioning, disability and health. ICF. Geneva, Switzerland: Author.